



- Nýr staðall á raflagnasviði -

ÍST 200 Raflagnir bygginga

Nýr staðall á raflagnasviði, ÍST 200 Raflagnir bygginga, tók gildi 1. janúar en fagmenn á rafmagnssviði hafa lengi beðið eftir honum. Það var árið 2000 sem Löggildingarstofa, nú Neytendastofa, samdi við Gunnar Ámundason, verkfræðing um þýðingu á rafmagnsstöðlunum IEC 60364 /CENELEC HD 384, sem Alþjóða raftækniráðið IEC og Evrópsku rafstaðlasamtökin CENELEC gefa út. Staðlarnir eru hátt í fjögur hundruð blaðsíður og fjalla um raflagnir í byggingum og munu koma í stað lágspennuhluta reglugerðar um raforkuvirki. Þá samdi Löggildingarstofa einnig við Staðlaráð Íslands um yfirferð og útgáfu á fyrrgreindri þýðingu.

Reglugerðir vísa í staðla

Í gegnum tíðina hefur tíðkast að samdar væru tæknilegar reglugerðir á sviði rafmagnsöryggismála þar sem kveðið var á um tæknilegar útfærslur raforkuvirkja, raflagna og rafbúnaðar. Á tíunda áratug síðustu aldar varð breyting á. Í stað þess að gefa út reglugerðir um tæknileg atriði er lúta að rafmagnsöryggi, hafa stjórnvöld á rafmagnsöryggissviði í Evrópulöndum í æ ríkari mæli gefið út almennar reglugerðir og vísað í

evrópska staðla þar sem kveðið er á um tæknilegar útfærslur.

Reglugerð um raforkuvirki er dæmi um tæknilega reglugerð sem notuð hefur verið af íslenskum fagmönnum á rafmagnssviði um árabil. Reglugerðin er hins vegar orðin nokkuð úrelt og ekki lengur í takt við reglur annarra Evrópuþjóða á sviði rafmagnsöryggis. Þess vegna var ákveðið að þýða þá staðla sem nauðsynlegir eru svo unnt verði að uppfæra framangreinda reglugerð og færa í nútímalegt horf. Staðalinn ÍST 200 er gott dæmi um þetta og mun án efa nýtast vel fagmönnum á rafmagnssviði hér á landi eins og hliðstæðir staðlar hafa nýst fagmönnum í nágrannalöndum okkar um árabil.

Fyrstu 1000 eintökin niðurgreidd

Neytendastofa hefur ákveðið að greiða niður verðið á fyrstu 1000 eintökum staðalsins. Það er gert til þess að stuðla að sem mestri notkun hans hjá fagmönnum á rafmagnssviði. Staðlinn mun því kosta 9.514 kr. m/vsk í stað 15.998 kr, allt þar til fyrstu 1000 eintökin verða seld.

Rétt er benda á að þó að búið sé að gefa staðalinn út þá mun Neytendastofa að öllum líkindum ekki vísa til hans í reglugerð fyrir en



Jóhann Ólafsson, sviðsstjóri
Rafmagnsöryggissviðs Neytendastofu

í fyrsta lagi í haust. Þar kemur tvennt til. Ákveðið hefur verið að bíða eftir útgáfu leiðbeiningarrits sem Rafstaðlaráð (RST) vinnur að og mun koma út á árinu. Í leiðbeiningarritinu eru ákvæði staðalsins skýrð frekar og ætti það að verða fagmönnum á rafmagnssviði ómetanlegt hjálpargagn. Einnig þarf að gefa skólum nokkurt ráðrúm til þess að undirbúa námsefni áður en staðalinn verður tekinn í notkun.

Nýtt!

NÁMSKEIÐ 9. FEBRÚAR

ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir

Innri úttektir samkvæmt ISO 19011

Námskeið fyrir þá sem vilja læra að gera innri gæðaúttektir samkvæmt staðli eða þurfa að þekkja hvernig innri úttektir ganga fyrir sig.

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is

Handbók fyrir ÍST 200 - bls. 3

Staðall um steinsteypu - bls. 4

Staðlar í upplýsingatækni - bls. 2

- Upplýsingatækni -

Upplýsingatækni og staðlar

Fyrirtæki og stofnanir þurfa í vaxandi mæli að samhæfa upplýsingakerfi sín öðrum kerfum, bæði innanhúss og við kerfi viðskipta- og samstarfsaðila. Viðurkennt er að af þessari samhæfingu getur hlotist margskonar hagræði og ávinn-ingur. Ýmist er um að ræða kostnaðar-lækkun eða aukin viðskipti. Til þess að samskipti kerfa geti orðið hagkvæm og hnökralaus verður að huga að sam-ræmingu þeirra og beita stöðluðum lausnum.

Peir sem hagsmuna eiga að gæta

Staðlaráð er samstarfsvettvangur þeirra sem áhuga hafa á og eiga hagsmuna að gæta í sambandi við stöðlun. Staðlaráð á aðild að alþjóðlegum staðlasamtökum fyrir Íslands hönd og fer með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Svonefnd fagstaðlaráð Staðlaráðs samræma og hafa frumkvæði að stöðlunar-vinnu á sínu sviði og tilnefna fulltrúa í alþjóðlegar nefndir og hópa á sérsviði sínu.

FUT er fagstaðlaráð Staðlaráðs á sviði upplýsingatækni. Staðlaráð og FUT hafa á

undanförnum árum unnið að því að efla þátttöku Íslands í evrópsku staðlastarfi í upplýsinga- og fjarskiptatækni og meðal annars notið til þess hvatningar og stuðnings iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Áfangar hafa náðst á áherslusviðum fag-staðlaráðsins, sem hafa verið rafræn við-skripti og öryggi upplýsinga, en þátttaka Íslendinga er lítil miðað við vaxandi umfang stöðlunar í upplýsingatækni og áhrif á íslenska hagsmunum.

Íslendingar þurfa að fylgjast með

Hefðbundin skipting á milli upplýsinga- og fjarskiptatækni er að breytast þar sem lausnum sem byggja á samspieli beggja þátta fjölgar ört. Brýnt er að finna leiðir til að efla áhuga og þátttöku Íslands í evrópsku og alþjóðlegu staðlastarfi á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. Stöðlunarstarf á þessu sviði er ört vaxandi. FUT hefur góð tengsl við upplýsingatækniskrifstofu evrópsku staðla-samtakanna (CEN/ISS) og beinir því til íslenskra hagsmunaaðila að kynna sér störf tækninefnda sem þar vinna að upplýsinga-



Guðbjörg Björnsdóttir,
framkvæmdastjóri Fagráðs í
upplýsingatækni (FUT).

tæknistöðlum og hafa tengsl við alþjóðlegt staðlastarfi. Þátttaka í vinnuhópum (CEN/ISS) er öllum opin, hvort heldur menn velja að leggja eitthvað af mörkum sem virkir þátttakendur eða vilja fylgjast með úr fjarlægð.



ÍST 200 RAFLAGNIR BYGGINGA FYRIR FAGMENN Á RAFMAGNSSVIÐI

Ómissandi verkfæri til að uppfylla reglugerð um raforkuvirki sem mun vísa í staðalinn í haust.

Neytendastofa niðurgreiðir verðið á fyrstu 1.000 eintökum staðalsins um 40% (fullt verð kr. 15.998).

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK MEÐ
40% AFSLÆTTI**

PANTANIR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
www.stadlar.is eða í síma 520 7150

- Handbók rafiðnaðarmannsins -

Stórviðburður hjá rafiðnaðarmönnum

Nú um áramótin gekk í gildi nýr staðall, ÍST 200:2006 *Raflagnir bygginga*. Staðallinn mun koma að mestu leyti í stað lágspennuhluta núverandi reglugerðar um raforkuvirki sem rafiðnaðarmenn hafa unnið eftir síðustu áratugi. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð með umræddum breytingum taki gildi síðar á þessu ári. Því er útgáfa ÍST 200 án efa einn mesti viðburður innan rafiðnaðargeirans hin síðari ár.

ÍST 200:2006 Raflagnir bygginga

Staðallinn er að mestu leyti byggður á erlendri þýðingu á staðlaröðinni IEC 60364 og evrópskum samræmingarskjölunum HD 384. Megnið af þýðingunni var unnin af Gunnari Ámundasyni verkfræðingi en Neytendastofa (áður Löggildingastofa) kostaði verkið. Staðallinn er mikið rit eða tæpar 400 blaðsíður og á margan hátt frábrugðinn gömlu reglugerðinni. Gömlu aðferðirnar munu að sjálfsögðu gilda flestar áfram en nú fá rafiðnaðarmenn mun meira frelsi til að útfæra hinar ýmsu aðferðir og verklag við störf sín. Þetta frelsi mun án efa valda nokkrum ruglingi og óöryggi til að byrja með. Ekki er ólíklegt að við fyrstu sýn muni staðallinn vekja upp fleiri spurningar en hann svarar.

Mjög mikilvægt er að rafiðnaðarmenn og aðrir þeir sem starfa á rafmagnssviði geti á auðveldan hátt aflað sér þekkingar og útskýringar á staðlinum svo að markmiðið með útgáfu hans náist. En markmiðið er að auka öryggi og koma í veg fyrir slyss og tjón

af völdum rafmagns ásamt því að samræma reglur hér á landi því sem gerist á Evrópska efnahagssvæðinu.

Handbók væntanleg

Til að bæta fræðslu og auka skilning rafiðnaðarmanna á staðlinum ákvað Rafstaðlaráð (RST) og Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði (SART) að gefa út leiðbeiningarhandbók um ÍST 200. Var valin sú leið að þýða og staðfæra norska handbók „Normguiden – NEK 400:2002“, en NEK 400 er norskur staðall sambærilegur við ÍST 200. Gunnar Ámundason var ráðinn til þessa verks enda er ótvíræður kostur að hafa sama þýðanda að handbókinni og staðlinum.

Gunnar er nú langt á veg kominn með þessa vinnu sem hefur reynt mun umfangsmeiri en bara þýðing á texta, enda hefur hann einnig staðfært texta handbókarinnar að stórum hluta. Vinnur nú hópur sérfræðinga með Gunnari við að gera textann sem læsilegastan og auðskilinn. Vonast er til að handbókin komi út síðar á þessu ári.

Ætluð öllum á rafiðnaðarsviði

Handbókin verður byggð upp á sama hátt og staðallinn, þ.e. með sömu kaflanúmerum og sömu þýðingu á hugtökum. Þetta er gert til að auðvelda notkun og samlestur við staðalinn. Auk ítarlegs skýringartexta verða fjölmargar skýringarmyndir og dæmi í bókinni sem vonast er til að auðveldi notkun



Magnús Kristbergsson, framkvæmdastjóri
Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar.

staðalsins. Í handbókinni er leitast við að útskýra *hvers vegna og til hvers valið* hefur verið að staðla ákveðnar aðferðir en ekki aðrar. Á þann hátt er notendum auðveldað að tileinka sér staðalinn.

Handbókin er ætluð öllum rafiðnaðarmönnum, öllum hönnuðum, kennurum og nemendum á rafiðnaðarsviði ásamt öðrum þeim er vilja fræðast um rafmagnsöryggismál. Þótt bókinn sé ekki skrifuð sem kennslubók mun hún án efa nýtast sem slík.

Það er von þeirra, er að útgáfu handbókarinnar koma, að hún gagnist öllum í rafiðnaði og muni með tímanum vinna sér sess sem ómissandi rit í eigu allra fagmanna á þessu sviði.

NÁMSKEIÐ 9. MARS

ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir - Lykilatriði, uppbygging og notkun -

Námskeið fyrir þá sem vilja læra á ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlana.

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is



- ÍST EN 206-1:2000 á íslensku -

Staðall um steinsteypu

Innan Evrópsku stöðlunarsamtakanna CEN starfar fjöldi nefnda að staðlagerð vegna steinsteypu. Ein þessara tækninefnda er CEN/TC 104 *Concrete*. Á vegum nefndarinnar hefur m.a. verið unnið að gerð staðla um framleiðslu og niðurlögn steinsteypu. Jafnframt fer fram vinna að staðlagerð hérlendis á vegum Staðlaráðs Íslands og Byggingarstaðlaráðs (BSTR).

Vinna við þýðingar

Á árinu 2001 tók gildi staðall um framleiðslu steinsteypu, þ.e. ÍST EN 206-1 *Steinsteypa – 1. hluti: Tæknilýsing, eiginleikar, framleiðsla og samræmi*. Á vegum Staðlaráðs Íslands og BSTR hefur verið unnið að þýðingu staðalsins til þess að gera hann aðgengilegri fyrir notendur.

Þýðingin á ÍST EN 206-1 hefur nú verið staðfest sem íslenskur staðall með gildistöku þann 1. desember 2005. Löggiltur þýðandi annaðist verkið og jafnframt vann starfshópur á vegum BSTR við að fara yfir þýðinguna.

Að lokum fór þýðingin til umsagnar með sama hætti og frumvörp að stöðlum.

Í starfshópi BSTR sem fór yfir þýðinguna störfuðu Eggert Valmundsson, VST, Guðbrandur Steinþórsson, HR, Guðni Jónsson, Rb, Ragnar Pálsson, Línuhönnun, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hönnun og Vífill Oddsson, Teiknistofunni Óðinstorgi.

Frumvarp um steypuframkvæmdir

Síðar á þessu ári er væntanlegt frumvarp að staðli sem fjallar um steypuframkvæmdir og tekur væntanlegur staðall við af forstaðlinum FS ENV 13670-1 *Execution of concrete structures – Part 1: Common*. Ákveðið hefur verið að þýða einnig þennan staðal en talið er eðlilegt að bíða með þýðingu hans þar til vinnu við endurskoðun á innihaldi forstaðalsins lýkur, en það mun gerast með útgáfu staðals.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til þess að kynna sér ÍST EN 206-1 *Steinsteypa – 1. hluti: Tæknilýsing, eiginleikar, framleiðsla og samræmi*



Dr. Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Byggingarstaðlaráðs (BSTR).

og fylgjast vel með vinnu við staðla og útgáfu staðla á sínu sviði. Allar upplýsingar um þessa vinnu og annað sem snýr að stöðlun á sviði bygginga og mannvirkja-gerðar eru veittar af undirrituðum.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú kaupir í matinn

Staðallinn ÍST EN ISO 22000:2005 *Food safety management systems – Requirements for organizations throughout the food chain* miðar að því að tryggja örugga meðferð matvæla.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.